

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Frævinnslan



| | | | |
|----------------------------|---------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 13.11.2013 | Fulltrúi UST | Ásgeir Björnsson |
| Fyrirtæki | ORF Líftækni ehf | Fulltrúi UST | |
| Heimili | Víkurbær 3 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 420201-3540 | Flokkur | Erfðabreyttar lífverur |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ásta Agnes Jóhannesdóttir | ÍSAT nr. | 01.10.1 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | Grindavík |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir eru gerðar við tvö atriði.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

Umhverfi:

Snjóþekja var á jörðinni og því ekki leitað byggplantna í nánast umhverfi.

Afmörkunarráðstafanir:

Öryggiskerfi, úrgangur, frárennsli, heilleiki húss og dýravarnir voru athugaðar.

Tvær breytingar voru á aðstöðunni frá því að komið var síðast í eftirlit. Í fyrsta lagi hefur verið sett upp loftræsting sem sagnar loft inn í gegnum dýrhelt net. Í öðru lagi hafa fræhald vírnet verið sett yfir öll fjögur frárennsli hússins, en áður voru eingöngu flotyfirföll til að hindra för fræja þessa leið.

Varðandi skóskipti þá var standur fyrir skó ekki staðsettur við aðalinngang. Gerð var athugasemd við það í eftirliti síðasta árs.

Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir:

Starfsemi skráð rafnænt og í vinnudagbók starfsmanns starfstöðvar. Ekki hefur fundist erfðabreytt bygg utan við frævinnsluhúsið við innra eftirlit starfsmanns. Viðbragðsáætlun og áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera voru til staðar í starfsstöðinni við eftirlitið, en ekki afrit af starfsleyfinu.

ATHUGASEMDIR

Gerðar eru athugasemdir við að ekki er standur fyrir skóskipti staðsettur við aðalinngang (aths 1) og að afrit af starfsleyfi var ekki til staðar fyrir starfsfólk (aths 2). Staðsetja ber stand fyrir skóskipti við aðalinngang eða beina umferð um annan inngang.

ANNAÐ

Eftirlitið hófst kl. 10:00 þann 13. nóvember sl. í frævinnsluhúsi ORF Líftækni við Vörðusund 1 í Grindavík. Starfsmaður ORF Líftækni fór með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Starfsmaður starfsstöðvar var viðstaddur hluta af eftirlitinu. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 11:00.

Reykjavík, 16.01.2014

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.